

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Stella Rúnarsdóttir  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 24.3.2022  
UST202202-234/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Kerhólar – Grímsnes- og Grafningshreppur**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps er barst 21. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Kerhóla í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í greinargerð kemur fram að hér er verið að setja fram nýtt deiliskipulag fyrir svæðið en í gildi er deiliskipulag fyrir Kerhraun sem var staðfest árið 1999 og fellur það úr gildi með gildistöku þessa deiliskipulags.

Í Kerhrauni eru 128 lóðir skipulagðar undir frístundabyggð. Stærð þeirra er mismunandi en að jafnaði um 0,5 ha til 0,7 ha en þó eru á svæðinu stærri lóðir, allt að rúmum hektara.

Á hverri lóð innan byggingareits er heimilt að reisa eitt hús, geymslu eða gestahús, allt að 40 m<sup>2</sup> og allt að 15 m<sup>2</sup> smáhýsi innan lóðar án byggingarleyfis. Nýtingarhlutfall lóða er 3% af flatarmáli lóðar. Auk þess gerir tillagan ráð fyrir vegum, bílastæðum, stígum, gönguleiðum, leiksvæðum, samkomusvæðum, boltasvæði og þjónustusvæðum.

#### **Gígar – Grímsneshraun**

Svæðið, sem tillagan nær til, nefnist Seyðishólakraun og Kálfshólakraun sem er hluti af svokölluðu Grímsneshrauni. Innan svæðisins eru einnig Kálfshólar sem eru hluti af þeirri gígaröð sem er eitt af landslagseinkennum Grímsnessins. Gígarnir í Grímsnesi hafa margir hverjir orðið fyrir raski undanfarin ár og áratugi vegna efnistöku, sumarhúsabyggðar og skógræktar. Einnig eru fjölmargir heilir gígar.

Gígarnir falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 þar sem kveðið er á um sérstakar jarðminjar. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Auk þess eru Kálfshólar á náttúruminjaskrá eins og kemur fram í greinargerð.

Í greinargerð segir einnig að við áframhaldandi uppbyggingu skuli gæta þess að halda raski í lágmarki á landsvæði sem er á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að settir séu ítarlegri og skýrari skilmálar í tillöguna varðandi áframhaldandi uppbyggingu sem séu í samræmi við ofangreind ákvæði náttúruverndarlaga.

## Hraun

Umhverfi svæðisins er fjölbreytt. Í greinargerð er svæðinu lýst sem mólendi á hrauni ásamt melum með áfoksmold. Auk þess segir að svæðið sé að miklu leyti gróið mosa, lyngi, birki og villtum víði sem var til staðar áður en frístundabyggðin var skipulögð.

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið, líkt og gígarnir, fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og bendir stofnunin á mikilvægi þess að fjallað sé um ákvæði laganna í greinargerð tillögunnar.

Hægt er að sjá útbreiðslu hraunsins og staðsetningu gíganna á vefsíða Náttúrufræðistofnunar Íslands.<sup>1</sup>

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufrýrbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndanna á svæðinu og sett séu skilyrði í greinargerð um verndun þeirra. Stofnunin bendir á þann möguleika að afmarka byggingareiti, vegi og gönguleiðir með tilliti til jarðmyndanna á skipulagssvæðinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufrýrbæri sem verða fyrir röskun.

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna

---

<sup>1</sup> <https://serstokvernd.ni.is/>

framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

### **Gróðursetning**

Eins og kom fram hér að ofan þá falla hraunið og gígarnir undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga, en samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar.“ Að mati Umhverfisstofnunar eiga framangreind ákvæði erindi í skilmála tillögunnar.

### **Birkiskógur**

Í greinargerð deiliskipulagsins kemur fram að innan skipulagssvæðisins vex birkiskógur. Umhverfisstofnun bendir á að hægt er að sjá útbreiðslu á náttúrulegum birkiskógi á heimasíðu Skógræktarinnar.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsáanar, innlendar trjategundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Samkvæmt kortasjá Skógræktarinnar er núverandi hæð skógarins á svæðinu 1,3 - 2 m og hann verður 2 - 5 m fullvaxta og er krónuþekja 70%.

Skilgreining á birkiskógi er að trén, sem skógurinn samanstendur af, sé að lágmarki 2 m á hæð fullvaxta. Lægra birki flokkast sem birkikjarr.<sup>2</sup>

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skilyrði tillögunnar taki mið af ofangreindum ákvæðum.

Auk þess bendir stofnunin á að það er hlutverk Skógræktarinnar að skilgreina þá birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga og því mikilvægt að óska umsagnar stofnunarinnar. Ef skógurinn fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga eiga ákvæði greinarinnar við.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir  
sérfræðingur

---

<sup>2</sup> <https://www.skogur.is/is/rannsoknir/rannsoknasvid/landupplysingar>